



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR – 20. apríl 2004

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 43. fundar þriðjudaginn 20. apríl 2004 kl. 16:30 í félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Mætt eru undirrituð.

Forseti bar undir fundarmenn ósk um að taka upp liðinn önnur mál, og var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2003, fyrirtæki og stofnanir síðari umræða.
2. Fundargerð 81. fundar bæjarráðs frá 15. apríl.
3. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 5. apríl.
4. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 14. apríl.
5. Önnur mál.
 - a. Samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar NV – önnur svæði.
 - b. Tilnefning heiðursborgara Blönduóssbæjar.

Afgreiðslur:

1. Ársreikningar 2003 fyrirtæki og stofnanir – síðari umræða. Að umræðu lokinni bar forseti ársreikning Blönduóssbæjar, fyrirtækja og stofnana upp og voru þeir samþykktir samhljóða með 7 atkvæðum.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 15. apríl kynnt og tekin til umræðu. Eftirfarandi tillaga var lögð fram varðandi lið b. önnur mál.

“Undirritaðir leggja það til við bæjarstjórn Blönduóssbæjar að áformaðar breytingar á starfsmannamálum með tilheyrandi uppsögnum starfsmanna verði frestað og bæjarráði falið að ræða við viðkomandi deildarstjóra og forstöðumenn um útfærslur á þessum tillögum. Í samtölum okkar við viðkomandi aðila kemur fram að þeir eru tilbúnir til að ræða um sín störf og taka þátt í því að leita leiða til hagræðinga. Tillagan er sett fram með það að markmiði að þeim gefist kostur á því að ræða um breytingar á störfum á jafnréttisgrundvelli án þess að hafa áður móttikið sín uppsagnarbréf”.

Undir bókunina rita, Ágúst Þór Bragason og Auðunn Sigurðsson.
Ágúst Þór þurfti að víkja af fundi kl. 17:30 og tók varamaður hans Margrét Einarsdóttir sæti hans.
Tillaga Ágústs og Auðuns borin undir atkvæði, 2 voru samþykktir 5 á móti og er tillagan því felld.
Fundargerðin síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum 2 sátu hjá.
3. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 15. apríl lögð fram til kynningar, fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.
4. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 14. apríl kynnt og tekin til umræðu. Ákveðið að fresta 3. lið fundargerðarinnar og vísa honum aftur til húsnæðisnefndar, var þetta samþykkt samhljóða. Fundargerðin að því loknu borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
5. Önnur mál.

- a. Samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar NV – önnur umræða. Samþykktin borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum 1 situr hjá.
- b. Tilnefning heiðursborgara Blönduóssbæjar. Bæjarstjórn Blönduóss samþykkir samhljóða að gera Jón Ísberg, fyrrverandi sýslumann og sveitarstjórnarmann að heiðursborgara Blönduóssbæjar. Tilnefningin er til komin vegna óeigingjarns starfs hans í þágu samfélagsins. Bæjarstjórn samþykkir að afhenda Jóni Ísberg heiðursskjal, útnefningunni til staðfestingar í tengslum við 80 ára afmæli hans sem er hinn 24. apríl nk.

Í lok fundarins var fyrrverandi bæjafulltrúa Sigríðar Friðriksdóttur minnst og risu fundarmenn úr sætum í virðingu við hina látnu.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30.

Valgarður Hilmarsson
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Guðmundur Ingþórsson
Auðunn Sigurðsson
Valdimar Guðmannsson

Stefanía Garðarsdóttir
Hjördís Blöndal
Margrét Einarsdóttir
Þórdís Hjálmarsdóttir